

# Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs

## Hverju breyta þær ?

# Hver er tilgangurinn með gerð svæðisáætlana ?


- Að setja fram ígrundaða lýsingu á því hvernig viðkomandi sveitarfélag mun haga aðgerðum sínum til að mæta kröfum laga nr. 55/2003 og markmiðum Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

# Lykilþættir Landsáætlunar

- Að draga úr myndun úrgangs
- Að auka “endurheimtu”, þ.e. endurnotkun og endurnýtingu úrgangs
- Að lágmarka förgun úrgangs.

Stærsti einstaki þáttur áætlunarinnar tekur til umtalsverðrar minnkunar á urðun lífræns úrgangs í áföngum til ársins 2020

# Meginþættir svæðisáætlunar



# Núverandi staða




# Framtíðarspá



# Tölulegar staðreyndir

- Áætlað er að heildarmagn lífræns úrgangs árið 2020 verði um 410 – 420 þúsund tonn.
- Gróft reiknað má áætla að á árinu 2020 verði um 250 - 260 þ. tonn af lífrænum úrgangi fargað með urðun að óbreyttu.
- Viðmið Landsáætlunar leyfa urðun á um 84 þ. tonnum af lífrænum úrgangi árið 2020.
- Finna þarf nýja förgunarleið fyrir allt að 150 þ. tonn árlega að öðru óbreyttu.

# Dæmi um mögulega niðurstöðu – samanburður spár til 2020 við markmið Landsáætlunar – Urðun lífræns úrgangs.






# Þörf fyrir aðgerðir




# Mat á leiðum

- ? Brennsla ??
- ? Jarðgerð ??
- ? Gasgerð ??

## Mat á leiðum



# Aðgerðaáætlun



# Hverju breytir þessi vinna ?

- Aukin vitneskja og yfirsýn.
- Markvissari nálgun og úrvinnsla.
- Breytt vinnubrögð.
- Flóknari lausnir – færri aðilar – meiri sérhæfing.
- Aukinn kostnaður
- Aukið samstarf og samvinna.

# Aukin vitneskja og yfirsýn

- Svæðisáætlun krefst heildaryfirsýnar yfir það magn úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu.

Margt bendir til þess að í dag sé þessi vitneskja af skornum skammti – einkum skortir upplýsingar um flokkun og uppruna.

Niðurstaðan leiðir af sér “betra bókhald” og betri grundvöll umræðu og ákvarðanatöku

# Markvissari nálgun og úrvinnsla ?

Betri þekking og vitneskja um magn, samsetningu, uppruna og flæði leiðir til markvissari vinnubragða, yfirvegaðri umræðu og betur undirbyggðra ákvarðana en hægt er að reikna með í dag þegar verulega skortir á vitneskju og yfirsýn

# Breytt vinnubrögð

Með betri vitneskju og yfirsýn skapast skilyrði til breyttra vinnubragða sem taka betur mið af raunverulegu ástandi og áreiðanlegri forsendum um áhrif, afleiðingar og þróun til framtíðar

# Flóknari lausnir

Krafan um stórfellda minnkun á urðun lífræns úrgangs kallar á nýjar lausnir sem verða flóknari en þær sem notaðar eru í dag.

Nýjar reglur um urðunarstaði frá árinu 2009 gera meiri kröfur um gerð þeirra, umgengni, vinnubrögð og vöktun.

Skilagjald í auknum mæli leiðir til aukins margbreytileika í söfnun, flokkun og flæði úrgangs.



# Færri og sérhæfðari.

Flóknari meðhöndlun kallar á aukna og sérhæfða þekkingu, aðstöðu og tækjabúnað – leiðir til færri en stærri aðila sem hafa getu til að sinna verkefnum á þessu sviði.

# Aukinn kostnaður

Kostnaður við meðhöndlun úrgangs mun hækka vegna aukinna krafna um meðhöndlun og dýrari förgunarleiða.

Vaxandi áhersla verður á að “sá borgi sem veldur”

Ríkisvaldið og sveitarfélög standa frammi fyrir pólitískum úlausnarefnum og ákvörðunum vegna þessa

# Aukið samstarf og samvinna

Til að mæta þeim breytingum sem eru fyrirsjáanlegar mun svæðisbundið samstarf sveitarfélaga aukast – nýjar lausnir við förgun munu kalla á tiltekinn lágmarks massa og hagkvæmni stærðarinnar.

Glíman við að halda kostnaði niðri eykur þörfina á samstarfi og samvinnu á öllum stigum – bæði hjá sveitarfélögum og einkaaðilum.